

Þessum kröfulið í hóf stillt, og verður hann því einnig tekinn til greina.

Vaxtakröfu stefnanda hefur verið mótmælt. Rétt þykir að dæma stefndu til að greiða stefnanda ársvexti, er reiknast 6% frá 26. júní 1965 til 1. janúar 1966, en 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 12.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Diðriki Helgasyni múrarameistara og Jóhannesi Guðmundssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Helgason, Byggingameistarinn h/f, Guðmundur Kr. Kristinsson og Gunnlaugur Halldórsson, greiði óskipt stefnanda, Bjarna Hannessyni, kr. 32.900.00 með 6% ársvöxtum frá 26. júní 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. október 1969.

Nr. 185/1968. **Ingvar S. Ingvarsson f. h.**

Ingvars Jóns Ingvarssonar og

Sigurlaug M. Jónsdóttir

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegna

Guðmundi E. Sæmundssyni & sonum

(Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur hafa afrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1968 og gert þessar dómkröfur:

Aðalkröfu: Að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi.

Varakröfu: Að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dóms-
álagningar af nýju.

Prautavarakröfu: Að hinar dæmdu fjárhæðir verði lækk-
aðar.

Þá hafa áfrýjendur krafizt málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-
kostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Í héraðsstefnu krefst stefndi hér fyrir dómi þess, að áfrýj-
endur verði dæmdir til að greiða kr. 146.827,20 auk vaxta
og kostnaðar „eftir réttum eignarhlutum þeirra í húseign-
inni á Engjavegi 15“, Ísafirði. Í héraðsstefnunni er hins vegar
ekki greint, hver þessi eignarhlutföll séu.

Kröfugerð þessi samrýmist eigi ákvæðum 88. gr. laga nr.
85/1936, og voru því kröfur stefnda fyrir héraðsdómi ódóm-
hæfar. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og með-
ferð málsins í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að áfrýjendur, sem án lögmætra forfalla létu
þingsókn falla niður í héraði eftir að hafa látið sækja þing
nokkrum sinnum, greiði stefnda málskostnað fyrir Hæsta-
rétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjendur, Ingvar S. Ingvarsson f. h. Ingvars Jóns
Ingvarssonar og Sigurlaug M. Jónsdóttir, greiði stefnda,
Guðmundi E. Sæmundssyni & sonum, kr. 20.000.00 í
málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 28. september 1968.

Ár 1968, laugardaginn 28. september, var í bæjarþingi Ísafjarð-
ar, sem haldið var í dómsal bæjarfógetaembættisins af Jóhanni
Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu,
sem dómtekið var 23. september s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu af firmanu Guðmundur Sæmundsson & synir, Ísafirði, gegn frú Sigurlaugu M. Jónsdóttur og Ingvari J. Ingvarssyni, báðum að Engjavegi 15, Ísafirði, til greiðslu á skuld, kr. 146.827.20, ásamt 10% ársvöxtum frá 1. janúar 1968 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt reikningi.

Gerði stefnandi þær stefnukröfur, að stefndu yrðu dæmd til að greiða skuldina ásamt vöxtum og kostnaði eftir réttum eignarhlutum þeirra í húseigninni Engjavegi 15, Ísafirði. Fjárhaldsmanni stefnda Ingvars var stefnt til að gæta hagsmuna hans.

Þá krafðist stefnandi þess, að staðfest yrði löghaldsgerð sú, er fór fram 21. ágúst s.l., í kr. 650.000.00 ásamt tryggingarbréfi með veðrétti í húseigninni nr. 107 við Bústaðaveg í Reykjavík til tryggingar skuldinni.

Stefnandi skýrir frá því, að skuldin sé til orðin vegna vinnu, málningarvara o. fl., sem hann hafi látið stefndu í té til húsbyggingarinnar á Engjavegi nr. 15. Þrátt fyrir ítrekaðar kröfur greiddu stefndu ekki skuldina og hafi hann því orðið að leggja löghald á verðmæti í vörzlum bæjarfógetaembættisins og til að tryggja sig og síðan að höfða mál þetta.

Stefndu létu mæta nokkrum sinnum í málinu til frestunar, en höfðu ekki uppi nein andmæli eða kröfur. Við dómtöku málsins létu þau ekki mæta.

Ber því að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti og dæma þau til að greiða umstefndar upphæðir.

Löghaldsgerð frá 21. ágúst 1968 staðfestist.

Málskostnaður nemur samkvæmt framlögðum reikningi kr. 20.482.00, og ber að dæma stefndu til að greiða hann í sömu hlutföllum og aðalupphæðina.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurlaug M. Jónsdóttir og Ingvar J. Ingvarsson, greiði stefnanda, firmanu Guðmundi E. Sæmundssyni & sonum, kr. 146.827.20 ásamt 10% ársvöxtum frá 1. janúar 1968 til greiðsludags og 20.482.00 krónur í málskostnað, eftir réttum eignarhlutföllum þeirra í húseigninni Engjavegi 15, Ísafirði, innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Löghaldsgerð frá 21. ágúst 1968 staðfestist.